

Nd. 458. Frumvarp til laga

um markaðssjóð saltfisks.

Flm.: Sigurður Kristjánsson og Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Sjóður, er nefnist markaðssjóður saltfisks, skal stofnaður. Skal tekjum sjóðsins varið til þess að efla, tryggja og auka saltfiskmarkað, meðan innflutningur á saltfiski er takmarkaður til eins eða fleiri markaðslanda.

2. gr.

Sjóðnum skal aflað fjár eftir útgjaldaþörf hans, allt að kr. 1000000 á ári. Tekjur sjóðsins eru:

1. Hálfur nettóágóði Áfengisverzlunar ríkisins.
2. Framlag ríkissjóðs eins og það er ákveðið í fjárlögum hvers árs.

3. gr.

Ríkisstjórnin skipar sjóðnum 5 manna stjórn til eins árs í senn. 4 þeirra skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þeirra þingflokka, sem nú eru, einn eftir tilnefningu hvers þeirra, 5. manninginn skipar atvinnumálaráðherra án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 75 29. des. 1934, um markaðs- og verðjöfnunarsjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var, af fyrra flutningsmanni þess, Signrði Kristjánssyni, lagt fyrir sjávarútvegsnefnd á fyrsta fundinum, sem nefndin hélt eftir að þingið kom saman í haust. Óskaði hann þess, að form. nefndarinnar kallaði atvinnu-
málaráðherra til ráðagerðar um flutning frumvarpsins, því æskilegt væri, að samkomulag yrði um flutning þess, þar eð lögin um markaðs- og verðjöfnunarsjóð hefðu verið sameiginlegt mál allra flokka. Mál þetta kvaðst hann einnig hafa borið undir stjórn Sambands isl. fiskframleiðenda nokkru áður en þing kom saman, og hefði það haft þar mikið fylgi. Enn skýrði hann frá því, að þingflokkur sjálfstæðismanna væri samþykktur aðalefni frumvarpsins. Hefði hann rætt það við flokkinn, og formaður flokksins aftur rætt það við atvinnu-
málaráðh., er tekið hefði líklega í málið.

Frumvarpið hefir nú legið lengi fyrir sjávarútvegsnefnd, og hefir atvinnu-
málaráðherra ekki komið til viðtals um það. Hinsvegar hafa fylgismenn stjórn-
arinnar (meiri hlutinn) í nefndinni lagt þar fram annað frv. um sama efni. Loks hefir atvinnumálaráðherra lýst yfir því, að stjórnin muni koma með frum-
varp um afnám gjaldsins í markaðs- og verðjöfnunarsjóð að nokkru eða öllu leyti, og mun þá afráðið, að frv. meiri hluta sjávarútvegsnefndar sé afturkallað.

Af öllu þessu mun mega ráða það, að ríkisstjórnin sé tilleðanleg að létta af þessu gjaldi að nokkru eða öllu leyti, en að hún vilji um það enga samvinnu við talsmenn fiskeigenda.

Að fengnum þessum upplýsingum sjáum við flutningsmenn ekki ástæðu til að biða lengur með flutning þessa frumvarps. Við framsögu verður gerð grein fyrir réttmæti og þörf þeirra breytinga á núverandi skipun, sem felast í ákvæðum frumvarpsins.